



8. TBL. 1. ÁRG.

HVERFISBLAÐIÐ

DESEMBER 2024

VESTURBÆR



Fálkahúsið við Hafnarstræti er komið í jólabúning. Húsið var upphaflega byggt á Bessastöðum árið 1750 en var síðar flutt til Reykjavíkur og endursmíðað. Fálkahúsið á sér rætur í sögu um fálkaveiðar en lengi var ein af skyldum Íslendinga að sjá konungi fyrir veiðifálkum. Eftir að fálkaveiðum var hætt hefur húsið hýst ýmsa starfsemi. Einkum verslunarextur og síðar veitingastarfsemi.

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561-1433
Hringbraut og Austurströnd



Bættu smá heppni í jólapakkann!
Jólabrennurnar eru komnar í sölu

Happaprennan Skannaðu QR kóðann

Allt fyrir hátíðarnar á einum stað!

Melabúðin
SÍÐAN 1956

HVERFISBLAÐIÐ
VESTURBÆR

Auglýsingasími 568 8862

Útgefandi: Með oddi og egg
Sundlaugavegi 7 • 105 Reykjavík
Frákvæmdastjóri: Már Guðlaugsson, (ábm.)
símar: 822 9688, 568 8862 • netfang: marg@heimsnet.is
Ritstjóri: Þóður Ingimarsson • thordingimars@gmail.com
Ljós.: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com
Prentun: Landsprent - Dreifing: Póstdreifing

Í góðum málum hjá



**Vantar málara ?
Ekkert mál.**

**Við komum og bjóðum í verkið
þér að kostnaðarlausu.**

Jón. Sími: 6631343

Bjarki. Sími: 7758599

Málarameistari



jbmálun@gmail.com



Fjölbreytt jóladagskrá í Jólaborginni

Aldrei hefur verið meira skreytt í Reykjavík fyrir hátíðarnar, en hana prýða nú yfir 500 þúsund ljósaperur og 50 kílómetrar af jólaseríum. Fjölbreytt dagskrá verður í boði í Jólaborginni, við Austurvöll, á söfnum, í Elliðaárdalnum og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum alla adventuna og ættu öll að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera.

Jólaótturinn er á sínum stað og nú hafa Gryla og Leppalúði bæst í hópinn í gróðurhúsinu við Lækjartorg. Oslóartreð á Austurvelli hefur verið tundrað og er ómissandi hluti af Jólaborginni. Alltaf bætist eitthvað nýtt í jólaborgina og er fólk hvatt til að gera sér glaðan dag í borginni á adventunni.

Jólamarkaður við Austurvöll

Austurvöllur er í hjarta jólaborgarinnar og hefur aldrei verið fallettri. Um 10 kílómetrar af ljósaseríum prýða nú gróðurinn við torgið og starfsfólk borgarinnar hefur búið til skemmtileg ljósagöng á hvorum enda þess. Einnig er búið að koma fyrir glæsilegum jólakrans þar sem tilvalið er að taka hátíðlegar myndir. Í fyrsta sinn er boðið upp á jólamarkað við Austurvöll og munu söluaðilar bjóða upp á fjölbreytt úrval af smávöru og

spennandi jólavörum. Markaðurinn verður opin allan helgan í desember og dagana 19. - 23. desember.

Tónlist, jólasveinar og annað fjóralla adventuna

25 styrkjum var úthlutað úr viðburðapotti jólaborgarinnar til listafólks sem mun skemmta gestum og gangandi í miðborginni. Kórsöngur, harmonikkutónlist og lúðrablastur mun heyrast um miðborgina og sjá til þess að halda uppi jólastemningunni í miðborginni. Jólasveinarnir verða á vappi og tröllíð Tufti ásamt fjölskyldu munu bregða á leik allan helgan fram að jólum. Boðið verður upp á flesta viðburði um helgan og svo síðustu dagana fyrir jól.

Jólavættaleikur

Jólavættaleikurinn hófst 5. desember og eru allar jólavættirnar búnar að koma sér fyrir á húsveggjum víðs vegar um miðborgina. Leikurinn hefur notið vinsælda meðal gesta borgarinnar sem skemmta sér við að þræða götur og torg í leitinni að jólavættunum og fylla inn á jólavættir.borginokkar.is. Leikurinn stendur til 19. desember og verða vegleg verðlaun dregin út úr innsendum réttum svörum.

Jólaskógur

Kateřina Blahutová upplifunarahönnuður hefur umbreytt Tjarnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur í ævintýrlegan jólaóskóg. Þar verður auðvelt að komast í jólaóskóg enda grenilyktin allsráðandi í skrautlegu jólaumhverfi. Jólaóskógurinn er opin virka daga frá klukkan 8-18, á laugardögum frá klukkan 10-18 og á sunnudögum frá 12-18.

Jóladalurinn

Það er ævintýri líkast að ganga um Jóladalinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum en garðurinn hefur verið skreyttur með fallegum jólaóskógum. Hægt verður að heimsækja dýrin og þau sem þora geta heimsótt sjálfan jólaóttinn. Kvöldopnanir verða líkt og undanfarin ár frá klukkan 17:00 - 20:00 föstudaga til sunnudaga til jóla og ókeypis aðgangur.

Jól á Borgarbókasafni

Jóladagskrá Borgarbókasafnsins er fjölbreytt og ættu öll að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í aðdraganda jóla. Boðið verður upp á upplestur úr nýjum bókum, barnabókaball, ýmiss konar fónurstundir, samsöng og margt fleira. Jóladagatalið er á sínum

Hitt Húsið óskar öllum gleðilegra jóla

Við bjóða öllum ungmennum á aldrinum 16-25 ára að taka þátt í okkar fjölbreytta starfi og njóta aðstöðunnar sem Hitt Húsið hefur upp á að bjóða.



HITT HÚSIÐ

Elli- og örorkulífeyrisþegar njóta sérkjara hjá ÍslandsApóteki

Verið ávallt velkomin

Gott vöruúrval,
betra aðgengi

ÍslandsApótek
býður persónulega
þjónustu og
hagstæð verð
á lyfjum og öðrum
heilsutengdum vörum

OPNUNAR-
TÍMAR:Virka dag
10:00 – 18:00Laugardaga
10:00 – 16:00Sunnudaga
Lokað

ÍSLANDS
LAUGAVEGI 53b



APÓTEK
S: 414 4646

Jólakveðja frá Klúbbum Geysi



Styrktarfélag Klúbbsins Geysis er vinnustaður fyrir fólk með geðrænar áskoranir. Klúbburinn hefur starfað í 25 ár og unnið mikið og metnaðarfullt starf í þágu geðsjúkra á Íslandi.

Um jól er ávallt mikið um dýrðir og reynt að efla kærleiksboðskap jólanna með ýmsu móti. Að vanda eru einnig haldnar veislur og boð til þess að brjóta upp daginn í skammdeginu og að sjálfsögðu er húsið skreytt hátt og lágt með ljósum og skrauti.

Árleg jólaveisla klúbbsins var haldin 5. desember síðastliðinn. Þá var boðið upp á hamborgarhrygg sem hefur verið styrkur frá Ali til klúbbsins síðastliðin 20 ár. Síðan verða litlu jólin laugardaginn 14. desember. Þá er boðið

upp á hangikjöt og uppstúf en þá höfum við einnig fengið gest til þess að flytja hugvekj. Allir fá svo einn jólapakka í lokin. Skótuveislan er svo á Þorláksmessu til þess að viðhalda þjóðlegum ilmtöfrum kræsingarinnar.

Ef við megum nota tækifærið til að þakka fyrir stuðningin um jólin, auk Ali þá er það Innes og Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Fiskbúðin Þjóðbjörg í Mjóddinni. Um leið og við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári viljum við minna á að hægt er að styrkja klúbbinn með því að leggja inn á reikning klúbbsins: 0101-26-010009, kennitala 5010972259.

Jóla- og nýárskveðjur,
Félagar og starfsfólk Klúbbsins Geysis



Við eigum frábært úrval af flottum yfirhöfnum í stærðum 38-58

belladonna

Dalvegi 30 • sími 517 6460 • www.belladonna.is



Jólasveinabúningar

Höfum framleitt jólasveinabúninga á íslenska atvinnujólasveina í 39 ár og erum enn að. Seljum einning stök skegg og húfur með hári.



Sími: 845 2510 • Facebook: jólasveinabúningar einn og átta

JÓLABÖRGARI

2.825 KR

Kjúklingalæra kjöt með sinnepsösu, káli, karamellisruðum og sultuðum lauk, rífsberjasultu, frönskum og 0,5l gosi





Við erum hér! ★



Kjúklingastaðurinn

★ Suðurveri ★

Kringlan

HALLDORA

www.halldora.com

Íslensk hönnun um jólin
skór, veski & fylgihlutir



Ljóslistaverk á vorhátíð

Reykjavíkurborg og Veitur munu standa fyrir samkeppni um ljóslistaverk í almannarými borgarinnar á Vetrarhátíð 2025. Hátíðin fer fram dagana 6. til 9. febrúar næstkomandi.

Samkeppnin er opin öllum, myndlistar-, tónlistar og ljóstækniþóknun, tölvunarfræðingum, ljóslistarhönnuðum eða öðrum þeim sem vinna með rafmagn, ljós og list í einhverju formi. Hægt er að koma með tillögu að staðsetningu eða fá ráðgjöf frá skipuleggjendum. Kostur er ef verkið er gagnvirk og/eða innsetning í almannarými borgarinnar. Horft er til frumleika og má nota ýmis konar efni til verksins. Hafa skal í huga að hátíðin fer fram utandyra að vetri til og er mikilvægt að tillagan taki mið af því. Tvö verk eru valin og hljóta styrk að upphæð 1.000.000 krónur hvert. Upphæðin er hugsuð bæði til framkvæmdar verksins svo og þóknunar listafólks. Dómnefnd leggur eftirfarandi áher-



Ljóslistaverk

slur í mati sínu: Styrkleika heildarhugmyndar, listrænt gildi tillögu, áhrif tillögu á almannarýmið og praktískahagnýting tillögu. Einnig verður horft til raunhæfni og kostnaðar við framkvæmd hugmyndar auk

samsetningar teymis.

Markmið samkeppninnar er að virkja íslenskt hugvit og nýsköpun sem styður við skapandi og lifandi borg.



Særa Sveinn Valgeirsson

Jólin eru sameign okkar

Nú eru að koma jól. Fólk er að undirbúa jólahald. Stundum eftir gömlum venjum en stundum kys það að reyna eitthvað nýtt fyrir sér í hinum sibreytilega heimi. Spurning vaknar hvort jólahald hafi breyst mikið á umliðnum tíma eða hvort það sé í of föstum venjum og hefðum til þess. Vesturbær hverfisblað leit í kaffi til séra Sveins Valgeirssonar dómkirkjuprests þar sem þessa hugleiðingu bar meðal annars á góma.

„Mér finnst mest fara fyrir þeirri beitingu að aðventan er farin að taka mikið stærra pláss í öllu hátíðahaldi. Jólasmemmingin er kominn mikið fyrir en á aðfangadagskvöld jóla. Ég get nefnt sem dæmi að framboð af listaefni er mikið meira en var áður. Tónleikar eru haldnir á mörgum stöðum og af mörgum hópum nánast allan desember. Einnig má sjá sýningar af ýmsu tagi. Til dæmis myndlistarsýningar. Maður hefur aðeins velt því yfir sér hvort allt þetta framboð af listrænu afþreyingarefni taki spenninginn aðeins út á jölunum sjálfum. En það getur líka verið gott að gefa þessu lengri tíma. Eins má íhuga hugtakið um föstuna. Spurning er um hvort hún sé orðið réttnefni. Hvort að jólahlaðborðin séu orðin ofhlaðin og hvort jólamaturinn hafi sama gildi og áður. Ég er ekki að agnúst út í þessa þróun. Ég held það sé líka jákvætt að gefa þessu lengri tíma. Allt nefur sinn sjarna.“

Fólk leitar eftir nánd

Sveinn vikur að trúarlegu eintaki jóla og veltir fyrir sér hvort það hafi eitthvað breyst. Segir erfitt að átta sig á því. Eflaust hafi eitthvað breyst í tímans rás en eftir standi að jólin eru ákveðin sameign. Fólk leitar eftir jólahaldi sem skapar hlýju og nánd. „Ef við vikjum aftur að föstunni á vil ég benda á að þeir sem standa höllum fæti fái að njóta þess að þú hafir það sæmilegt. Við tökum eftir að öll góðgerðafélög fara af stað fyrir jól. Það er vegna þess að jólin og ekki síst fastan ýtir undir þetta. Að þeir sem hafa það betra láti aðra njóta góðs og styðji þá sem hafa það slæmt. Jólin eiga að vera frátekin fyrir gleði, birtu og yl og maður vill að allir geti notið þess. Þess vegna er sárt að taka eftir ef fólk nýtur þess ekki. Jólin hafa á sér sambærilegan blæ eins og tengs gving í Bandaríkjunum. Fólk getur ekki hugsað sér að neinn sé einn. Mér þykir vænt um þennan tíma. Hann virkar eins og magnari á tilfinningar og sveiflumur á tilfinningaskalanum verða meiri eftir því sem jólin koma oftar. Ég hef veitt því athygli að jólin eru oft tími sem tengdur er kvíða. Þeir sem misst hafa einhver sár nákominn kvíða því oft að halda jólin. Þá koma þeir sem farnir eru í hugann. Það getur verið þröskuldur að stíga yfir.“

Hátíðlega stundin

„Vissulega hefur margt breyst. Ég var alin upp á tíma skorts og hafta þegar ekki mátti snerta eplið fyrir en á aðfangadag. Í mínu bamsmíni er að finna minningu þegar ég var drengur og fór með móður

minni í Ölgerðina til þess að ná í jólaölið í brúsa. Sá tími er alveg liðinn. Þessi hluti jólahaldsins hefur beyst með tilkomu nýra tíma og efnahagslegra tækifæra. Ef ég ber jólahaldið saman við þjónustuna sem ég hef þjónað; fyrir vestan á Eyrarbakka og svo hér þá er þetta svipað og um margt í föstum skorðum. Í mínum huga er það hátíðlegasta stund ársins rétt fyrir klukkan 18 á aðfangdag þegar klukkur Dómkirkjunnar byrja að hringja og jólaguðspjónustan hefst. Þetta er alltaf sama þjónustan þótt prófíllinn geti verið annar og mishár. Maður finnur á jölum hversu kirkjan er alþjóðleg.“

Sálmabandið er nýbeytni

Enn að öðru. Sérstakt tónlistaríf hefur blómstrað í Dómkirkjunni. Er það Sálmabandið sem er skipaða félögum úr Dómkórnum. Hópur eða band sem vakið hefur athygli fyrir frjálstan og opinn flutning á kirkjutónlist. Bandið skipa séra Sveinn Valgeirsson dómkirkjuprestur sem spilar á kontrabassa, Ása Briem sem spilar á harmóníku, Telma Rós Sigfúsdóttir sem er víóluleikari bandsins og Sigmundur Sigurðarson og Jón Ívar sem sjá um gítarleik. Sálmabandið var stofnað 2019 er það kom fyrst fram á krá í nágrenni Dómkirkjunnar og stóð þar fyrir sálmasöng. Sálmabandið hefur vakti umtalsverða athygli enda ekki mikil hefð fyrir því hér á landi að syngja sálma og kirkjulega tónlist í þeim útfærslum sem þau flytja hana. Sálmabandið er líkara bluegrasshóp úr Vesturálfu með grösugar víðlendar að baki fremur en altanistöflu Dómkirkjunnar. „Við reynum að tenginga þetta saman“, segir Sveinn. Að heyrja þau spila þá kemur þessi tenging sterk fram. Þau hafa meðal annars spilað Hærra minn guð til þín eftir Sarah Flower Adams, sem séra Matthías Jochumsson snéri til íslenskrar tungu á sinni tíð. Lagið er eitt þetta næsta augljós. „Það gefur svo mikla möguleika í flutningi að hafa bókstafshljóma með sálmunum“ segir Sveinn sem hefur augljóslega gott eyra fyrir þessari tegund tónlistar. „Blágresið fær að vera með en fyrst og fremst er þetta, blátt áfram undirleikur og tekur mið af lögunum hvort það er jazzskotið, þjóðlagatónlist eða eitthvað annað.“ Annars er útfarartónlistin að breytast. Ný lög eru sífellt að koma fram. Bubbi Morthens er að verða vinsælasti útfarasönghöfundurinn. Kemur á eftir Ameríska slaganum Banks of Ohio sem séra Pétur heitinn í Laufási gerði friðþægingatexta við og kallaði í Bljúgru bæ. Lagið er 19. aldar ballaða og fjallar um morð en séra Pétur studdist ekki við þá textasmíð. Upphaf frumtextans er: „I asked my love to take a walk To take a walk, just a little walk Down beside where the waters flow Down by the banks of the Ohio. Svona breytast tímarnir.“

HÁVAÐI SKAÐAR HEYRNINA ...líka flugeldar



VERÐ FRÁ 3.800 KR.

Verndaðu heyrnina á meðan þú hefur hana

Þjóðum fjölbreytt úrval bæði af stöðluðum og sérsníðuðm heyrnarsíum sem dempa hávaða og hlífa heyrninni án þess að breyta blöndun og tónblæ hljóðsins.



Allar helstu rekstrarvörur og aukahluti fyrir heyrnartæki fást á vefverslun heyrn.is

HEYRN

Hlíðasmára 19, 2. hæð • 201 Kópavogi • Sími 534 9600 • heyrn.is



Matthías Johannessen



M-samtöl
ÚRVAL

Samtöl Matthíasar Johannessen í nýrri bók

Matthías Johannessen, ritstjóri Mbl. og skáld, skrifaði mörg samtöl við valinkunna einstaklinga í Morgunblaðið. Margt af því var venjulegt fólk. Aldraðir sjómenn. Hundrað ára konur í sveit. Hestamaður eða bóndi. Miðill eða kokkur. Málari eða flugstjóri. Aðrir voru þjóðþekktir. Steinn Steinarr. Halldór Laxness. Páll Ísólffsson. Kjarval. Sama hvort var – Matthías sýndi öllum virðingu og hver og einn fékk að njóta sín á sinn hátt.

Í þessari bók birtist úrval 30 samtala sem Matthías skrifaði, flest á árunum frá 1960-70. Tvö hafa aldrei birst áður á bók. Einstakt úrval, einstök bók.

Einstakt úrval, einstök bók



Drónamynd af Vísindagörðum.

Vísindagarðar

Blómstrandi vísindasamfélag í Vatnsmýrinni

Vísindagarðar eru byggðakjarni í Vatnsmýrinni. Vísindagarðar hafa verið byggðir upp til að efla samstarf fyrirtækja, rannsóknastofnana og háskóla um nýsköpun og einnig að skapa aðstöðu fyrir frumkvöðla. Félagið er 94,6% eigu Háskólans og 5,4% í eigu Reykjavíkurborgar. Í stjórnendateymi Vísindagarða Háskóla Íslands eru; Þórey Einarsdóttir framkvæmdastjóri, Hrólfur Jónsson, aðstoðarframkvæmdastjóri og formaður í byggingarnefnd Djúptæknikjarna og Lára Kristín Stefánsdóttir verkefnastjóri Djúptækniseturskjarna og rannsóknarinnviða. Gísli Karl Gíslason, verkefnastjóri Innviðaverkefnis og er Þorkell Sigurlaugsson til ráðgjafar í Djúptæknisetri verkefninu, auk þess að Þorkell situr í byggingarnefnd Djúptækniseturs, rannsóknarhúss.

Þórey segir að sögu Vísindagarða á háskólasvæðinu í Vatnsmýri megi rekja allt aftur til ársins 1961. Þá veitti Reykjavíkurborg Háskóla Íslands umráð yfir landinu sem Vísindagarðar standa á með því skilyrði að þar yrðu byggðir Vísindagarðar að erlendri fyrirmynd sem voru að spretta upp víðsvegar um heiminn. Uppbyggingin hófst þó ekki fyrr en 36 árum síðar eða árið 1999 þegar Íslensk erfðagreining hóf að byggja höfuðstöðvar sínar sem voru opnaðar 2003. Þórey segir að frá þeim hafi margt gerst því uppbyggingin hafi gengið hratt fyrir sig. Fimm hús og kjarnar hafa verið tekin í notkun frá árinu 2012. Þar má nefna Stúdentagarða, Stúdentagarða við Sæmundargötu, Alvotec, Grósku hugmyndahús, eins og Mýrina nýsköpunarsetur Háskóla Íslands sem kom til sögunnar árið 2020 og miðstöð frumkvöðla og nýsköpunar og er staðsett á jarðhæðinni í Grósku á lóð sem félagið hefur til umráða.

Blómstrandi samfélag

Á Vísindagörðum blómstrar nú sam-

félag þar sem bæði háskólar, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki vinna saman að skapandi lausnum. Á Vísindagörðum eru yfir 500 stúdentabúðir, fjöldi sprotafyrirtækja auk stærri aðila á sviði upplýsingatækni og líftækni. Skapandi greinar eiga einnig sína fulltrúa á Vísindagörðum, til dæmis með Miðstöð hönnunar- og arkitektúr og CCP. Til framtíðar meðal annars horft til þess að fá inn fyrirtæki í orku- og sjálfbærni geirunum. Þá er lögð áhersla á sjálfbærni í hönnun svæðisins, til dæmis í samgöngu-áætlun, vali á byggingarefnum og með blágrænum ofanvatnslausnum. Í kjölfar stefnumótunar Vísindagarða Háskóla Íslands, sem lauk í júlí 2021, ákvað stjórnin að setja af stað fýsi leikakönnun á byggingu djúptækniseturs og hafa Vísindagarðar nú tekið ákvörðun um byggingu rannsóknarseturs þar sem háskólar, stofnanir og fyrirtæki geta sameinast um uppbyggingu og rekstur rannsóknarinnviða. Djúptæknisetið mun rísa við Bjargargötu 3 í Vatnsmýri en þar gefst einstakt tækifæri til bjóða upp á hágæða aðstöðu fyrir rannsóknir og þróun á sviði djúptækni sem verður mikilvæg stoð fjórðu iðnbýltingarinnar hérlandis.

Horfum til erlendra fyrirmýnda

Vísindagarðar HÍ eru í samstarfi við DTU Science Park í Kaupmannahöfn varðandi byggingu, rekstur og önnur verkefni tengd uppbyggingu Djúptækniseturs. Einnig er horft til fyrirmýnda eins og Science for Life Laboratories í Stokkhólmi. Segja má að Innviðaverkefnið sé undanfari verkefnisins en það er samstarfsverkefni háskóla og rannsóknastofnana um kortlagningu rannsóknarinnviða þar sem verið er að innleiða hugbúnaðarkerfi á Íslandi. Það byggir einnig á stefnu stjórnvalda og Innviðasjóðs um opið aðgengi að rannsóknarinnviðum og fara Vísindagarðar með verkefnastjórn. „Þetta breytir umhverfinu til hins betra

og hjálpar til við skilvirkan rekstur tækjanna. Það hefur ekki verið til miðlægur gagnagrunnur áður,“ segir Gísli Karl Gíslason, verkefnastjóri hjá Vísindagörðum Háskóla Íslands, sem heldur utan um innleiðingu Clustermarket og kortlagningu rannsóknarinnviða.

Efling grunnrannsóknna

Hugmyndin byggir einnig á núverandi stefnu Háskóla Íslands um að efla grunnrannsóknir og fjölga birtinum vísindagreinum ásamt því að bæta aðstöðu skólans og starfsfólks til að taka þátt í alþjóðlegu og innlendu samstarfi. Verkefnið er unnið í samstarfi Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólans á Hólum, Háskólans á Akureyri, Matis og Tæknisetursins en Vísindagarðar fara með verkefnastjórnun. Fulltrúar þessara stofnana sitja í stýrihóp verkefnisins. Í Djúptæknikjarnanum verður hægt að stunda grunnrannsóknir af hálfu allra háskólanna. Grunnrannsóknir sem styrktar eru bæði af stjórnvöldum en eins frá erlendum aðilum t.d. gegnum styrkjakerfi Evrópusambandsins. Þar geta fyrirtækin í landinu fengið aðgang vegna þróunar flókkinnar tækni og hægt verður að gera samninga við erlend fyrirtæki um aðstöðu til lengri eða skemmri tíma.



Þórey Einarsdóttir framkvæmdastjóri.

Hólfur Jónsson
aðstoðarframkvæmdastjóri.Lára Kristín Stefánsdóttir
verkefnastjóri.Gísli Karl Gíslason
verkefnastjóri.Þorkell Sigurlaugsson
ráðgjafi

Hátíð í bæ Neskirkja Helgihald yfir jóla og áramót

Miðvikudagur 18. desember

Jólaöld kl. 20:00

Kór Neskirkju og Stúlknakór Neskirkju syngja undir stjórn Steingríms Þórhallssonar. Einsöngur: Silja Björk Huldudóttir og Tinna Sigurðardóttir. Prestar kirkjunnar, sr. Skúli S. Ólafsson og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir flytja adventutexta. Hátíðarstund í aðdraganda jóla.

Aðfangadagur

Jólastund barnanna kl. 16

Helgistund fyrir börn og fjölskyldur þeirra meðan beðið er eftir jóluunum. Stúlknakór kirkjunnar syngur. Öllum viðstöddum býðst að taka þátt í að leika jólasöguna og við lifum okkur inn í gleði og hátíð jólanna. Steingrímur Þórhallsson leikur undir söng, sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir leiðir stundina ásamt Rúnari Reynissyni og starfsfólki barnastarfsins.

Aðfangadagskvöld kl. 18

Kór Neskirkju syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar organista. Trompet Hringur Grétarsson. Einsöngur Sigríður Ósk Kristjánsdóttir. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar flutt. Prestar eru sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir og sr. Skúli S. Ólafsson sem predikar.

Söngvar á jólanótt kl. 23.30

Sungnir verða jólasálmar og vonartextar Biblíunar lesnir. Háskólakórinn syngur og leiðir söng undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar. Sr. Skúli S. Ólafsson leiðir stundina og flytur hugveku. Þessi samvera færir okkur kyrrð og helgi eftir gleði og glæm kvöldsins.

Jóladagur

Hátíðarmessa kl. 14

Kór Neskirkju og Stúlknakór Neskirkju syngja undir stjórn Steingríms Þórhallssonar. Þórunn Helena Jónsdóttir og Björney Anna Aronsdóttir, fiðlunemendur í MÍT spila. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar flutt. Prestar eru sr. Skúli S. Ólafsson og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir sem predikar.

Annar í jólu

Fjölskyldustund og jólaball sunnudagaskólans kl. 11

Helgistund í kirkjunni fyrir alla fjölskylduna. Að henni lokinni hefst jólaball sunnudagaskólans þar sem gengið verður kringum jólatréð og sungið dátt við undirleik Ara Agnarssonar. Góðir gestir kíkja við, gefa börnum jólaglaðning og skemmta ungum sem öldnum. Umsjón hafa sr. Steinunn og starfsfólk barnastarfsins.

Gamlársdagur

Aftansöngur kl. 18.00

Kór Neskirkju syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar flutt. Prestur er sr. Skúli S. Ólafsson.

Nýársdagur

Hátíðarmessa kl. 14

Kór Neskirkju syngur undir stjórn Steingríms Þórhallssonar. Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar flutt. Prestur er sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

**Messa og sunnudagaskóli alla
sunnudaga kl. 11**



BÍÓKORT
EINN MÁNUÐUR
LAUGARÁS BÍÓ

GJAFABRÉF
Gífið fyrir einn á skiptingu að eignast
samt öllu poppi og gómu í Laugarásbíó.

LAUGARÁS BÍÓ

Gefðu skemmtilega gjöf!
Bíókort og gjafabréf fást í miðasölu Laugarásbíós

LAUGARÁS BÍÓ
BARA LÚXUS



Þankar Jónu Rúnu



Jólastress og annað vesen

Í sjálfum jólamánuðinum er eitt og annað í gangi hjá flestum okkar. Mörg erum við afskaplega upptekin í gjafastússi, smákökubakstri og hreingerningum. Svo ekki sé nú talað um alla tónleika, jólahlaðborð og aðra viðburði sem fólki finnst það hreinlega verða að mæta á. Fyrir flest börn er þetta tími mikillar tilhlökkunar og eftirvæntingar. En fyrir marga fullorðna einkennist þessi mánuður af alltof mikilli streitu og þá sérstaklega hjá konum sem bera mjög oft mestan þungan af hinni svokölluðu þriðju vakt. Það gleymist oft á þessum tíma að muna hvers vegna við höldum heilög jól og fæðing frelsarans er gjarnan það síðasta sem fólk er að velta fyrir sér í amstri adventunnar. Það væri óskandi að fólk gæti skipulagt sig þannig að desembermánuður væri ekki svona fullur af streitu. Adventan á að vera tími íhugunar og rólegrar samveru. Myrkrið færst yfir og það er ekkert notalegra en að sitja inni hlýjunni ásamt ástvinum og drekka heitt súkkulaði. En þetta er oft nánast ógjörningur vegna streitu og hraða samfélagsins. Ég held að það sé hægt að snúa þessu við ef að vilji er fyrir hendi. Það eru ýmis ráð sem hægt er að fylgja til þess að draga úr jólastressinu og ýta undir slökun og núvitund á adventunni. Til dæmis er hægt að endurskoða órlítið allt gjafastúss. Ég er að sjálfsgöðu ekki mótfallin jólagjöfum en þær þurfa ekki að vera rándýrar eða umfangsmiklar. Það er engu barni gott að venjast því að fá jólagjafir sem kosta jafnvel tugi þúsunda. Jólagjafir geta verið einfaldar og ódýrar en samt glatt þann sem þiggur. Hvað varðar gjafir handa vinum og vandamönnum, þá er vel hægt að ákveða að gefa öllum eins konfektakassa eða gjafakort, eða eitthvað heimatilbúið. Það þarf ekki endilega að stressa sig yfir að velja mismunandi gjafir handa öllum. Þannig er hægt að fara í einn leiðangur og græja gjafir á alla línuna. Svo er líka afskaplega skynsamlegt að versla allt slíkt vel í tíma. Frestunarárátta er ekki af hinu góða í jólaaðstæðunum. Það er líka engin þörf á því að gera svakalega jólahreingerningu. Það er skammdegi og myrkur og dauf birta við kertaljós felur allt ryk. Hver tekur eftir því hvort búið sé að þvo gardínur eða eldhúsinnréttingar fyrir jólin? Ég mæli frekar með vorhreingerningu þegar birta fer. Ég persónulega hef mjög gaman af því þegar fólk skreytir fyrir jólin snemma. Það er eitthvað svo gott fyrir sálina að hafa ljós á runnum og trjám utan dyra í myrkrinu. Eins er bara gaman af því að koma upp jólas krauti snemma innandyrna. Það eykur bara þessa góðu, hlýju jólatilfinningu og framlengir tíma eftirvæntingar. Getið þið ímyndað ykkur hversu langur og leiðin legur hinn íslenski vetur væri ef að ekki hefðum við jólin og áramótin til þess að stytta hann og gera bæriligan? Mig hryllir við tilhugsuninni. Ég held að markmiðið hjá



okkur öllum ætti að vera að njóta adventunnar og svo jólaanna. Gefa okkur tíma til að anda og hugsa um boðskap jólaanna. Það er líka skynsamlegt að velja af kostgæfni hvaða viðburði maður vill mæta á, það þarf ekki að fylla dagskrá desembermánaðar þannig að það valdi streitu. Svo vil ég mæla með að þeir sem hafa börn í heimili minni sig á að jólin eru alltaf fyrst og fremst hátíð barnanna og það er mikilvægt að sjá til þess að þau eigi fallegar og jákvæðar minningar um jólin heima. Ekki drekka áfengi í óhöfi fyrir framan þau og ekki rífast á jóluinum. Ef að makinn er gjörsamlega óþolandi þá er fint að muna að sá vægir sem vitið hefur meira. Það er hægt að taka á slíkum vandamálum síðar meir. Jólin eru heilög og slíkt þarf að virða. Þau eru ekki staður né stund til þess að vinna í samskiptavanda milli hjóna eða gera upp sakir. Slík hegðun er engum til framdráttar og er algjörlega óásættanleg. Við verðum að muna að áföll sem börn verða fyrir, sérstaklega þegar þau tengjast hátíðarhöldum eins og jólu og áramótum, sitja í þeim alla ævi og geta varpað löngum og myrkum skugga yfir þessa hátíðardaga um ókomna framtíð þeirra. Ef að þau verða sem fullorðnir einstaklingar þunglynd um jólin vegna þess að þá rifjast upp erfiðar minningar tengdum mömmu og pabba, þá eru þau líklegri til þess að flytja slíka depurð yfir á sín eigin börn og þar með er komin dapurleg hringrás sem erfist á milli kynslóða. Það sama á við um áramótin. Ef barnafólk vil djamma á þeim tímamótum þá mæli ég með því að koma börnum í öruggt skjól hjá öðrum á meðan. Gefum þeim fyrri hluta kvöldsins með góðum mat og góðri samveru en blöndum þeim alls ekki í partystand fullorðinna. Djamm, drykkja og börn eiga ekki saman. Setjum þau alltaf í forgang því þau eru bara lítil einu sinni og í mjög stuttan tíma.

Jóna Rúna Kvaran
www.jonaruna.com



ÓDÝR
gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispúvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002


OPTIC
REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN



LJÓSAÐÍÓÐU-KROSSAR Á LEIÐI
Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

JS Ljósasmiðjan ehf.
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp.
Sími: 554 0661 / 897 4996

Á vegi góður Guð leiðir í sigrum í sorgum gætir.
Allt Herra í ástaryl leiðir eilíf englahöndin mætir.
Himnasalir, helgin leiðir hjartapel Drottins gætir.



Frá fossi flóð niður fellur falleg rós við stein í jörð.
Sólin skín og laufið fellur sumt í draumi nærri jörð.
Í náttögg rjóð rós fellur í nálægð hjarta í gulljörð.

Höf. Jóna Rúna Kvaran



„Kærleikur treystir á bæn og trúir á Guð.“ JRK




Jólatilboð

20% Afsláttur

Harðir jólapakkar fyrir bílinn

Öll hleðslutæki á afslætti fram að jólu

SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • vefverslun: www.skorri.is



SALT- OG SANDKISTUR

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 50 ÁR

BORGARPLAST
STOFNAD 1971



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNsla

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is



Fjölbreytt jóladagskrá í Jólaborginni

Aldrei hefur verið meira skreytt í Reykjavík fyrir hátíðarnar, en hana prýða nú yfir 500 þúsund ljósaperur og 50 kílómetrar af jólaseríum. Fjölbreytt dagskrá verður í boði í Jólaborginni, við Austurvöll, á söfnum, í Elliðaárdalnum og Fjölskyldu- og húsdýragarðinum alla aðventuna og ættu öll að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera.

Jólaöktturinn er á sínum stað og nú hafa Grýla og Leppalúði bæst í hópinn í gróðurhúsinu við Lækjartorg. Oslóartréð á Austurvelli hefur verið tundrað og er ómissandi hluti af Jólaborginni. Alltaf bætist eitthvað nýtt í jólaborgina og er fólk hvatt til að gera sér gláðan dag í borginni á aðventunni.

Jólamarkaður við Austurvöll

Austurvöllur er í hjarta jólaborgarinnar og hefur aldrei verið falgri. Um 10 kílómetrar af ljósaseríum prýða nú gróðurinn við torgið og starfsfólk borgarinnar hefur búið til skemmtileg ljósagöng á hvorum enda þess. Einnig er búið að koma fyrir glæsilegum jólakrans þar sem tilvalið er að taka hátíðlegar myndir. Í fyrsta sinn er boðið upp á jólamarkað við Austurvöll og munu söluaðilar bjóða upp á fjölbreytt úrval af smávöru og

spennandi jólavörum. Markaðurinn verður opin allan helgan í desember og dagana 19. - 23. desember.

Tónlist, jólasveinar og annað fjór alla aðventuna

25 styrkjum var úthlutað úr viðburðapotti jólaborgarinnar til listafólks sem mun skemmta gestum og gangandi í miðborginni. Kórsöngur, harmonikkutónlist og lúðrablastur mun heyrast um miðborgina og sjá til þess að halda uppi jólastemningunni í miðborginni. Jólasveinarnir verða á vappi og tröllíð Tufti ásamt fjölskyldu munu bregða á leik allan helgan fram að jólum. Boðið verður upp á flesta viðburði um helgan og svo síðustu dagana fyrir jól.

Jólavættaleikur

Jólavættaleikurinn hófst 5. desember og eru allar jólavættirnar búnar að koma sér fyrir á húsveggjum viðs vegar um miðborgina. Leikurinn hefur notið vinsælda meðal gesta borgarinnar sem skemmta sér við að þræða götur og torg í leitinni að jólavættunum og fylla inn á jólavættir. borginokkar.is. Leikurinn stendur til 19. desember og verða vegleg verðlaun dregin út úr innsendum réttum svörum.

Jólaskógur

Kateřina Blahutová upplifunarahönnuður hefur umbreytt Tjarnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur í ævintýrlegan jólaskóg. Þar verður auðvelt að komast í jólaskap enda grenilyktin allsráðandi í skrautlegu jólaumhverfi. Jólaskógurinn er opin virka daga frá klukkan 8-18, á laugardögum frá klukkan 10-18 og á sunnudögum frá 12-18.

Jóladalurinn

Það er ævintýri líkast að ganga um Jóladalinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum en garðurinn hefur verið skreyttur með falglegum jóla ljósum. Hægt verður að heimsækja dýrin og þau sem þora geta heimsótt sjálfan jólaökttinn. Kvöldopnanir verða líkt og undanfarin ár frá klukkan 17:00 - 20:00 föstudaga til sunnudaga til jóla og ókeyps aðgangur.

Jól á Borgarbókasafni

Jóladagskrá Borgarbókasafnsins er fjölbreytt og ættu öll að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í aðdraganda jóla. Boðið verður upp á upplestur úr nýjum bókum, barnabókaball, ýmiss konar fönðurstundir, samsöng og margt fleira. Jóladagatalið er á sínum

Pabbabrandarar 3.0

Nýr skammtur af pabbagríni



Höfundur:
Þorkell Guðmundsson

Hin fullkomna jólagjöf fyrir alla pabba landsins.
Í þessari nýju bók eru líka 16 vísnaðgátur!

VESTURBÆR

Auglýsingasími 568 8862

þín

Jólaborg

þín upplifun

- ✦ 274 verslanir
- ✦ 287 veitingastaðir
- ✦ 292 önnurþjónusta
- ✦ 35 List og menning

www.midborgin.is





SIMON VAUGHAN LJÓSMYNDARI
WWW.SIMONVAUGHANLJOSMYNDARI.COM
PANTIÐ TÍMA FYRIR MYNDATÖKU Í SÍMA 690 9670



*Útfararþjónusta
í yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

stað þar sem opnaður verður einn kaffi á dag og hægt að lesa að hlusta á Jólævintýri.

Jólin á Árbæjarsafni

Bráðum koma blessuð jólin er yfirskrift jóladagskrár Árbæjarsafns sunnudagana 8. og 15. desember. Þá


daga gefst gestum tækifæri að njóta adventunnar og upplifa jólin eins og þau voru í Reykjavík í þá gömlu góðu daga. Jólaundirbúningur er í fullum gangi í bænum og boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá. Í Árbæ má sjá heimafólk skera út laufabrauð, kemma ull og spinna garn. Kæsta skatan er komin í pottinn í Efstabæ og í

Miðhúsum eru prentuð falleg jóla-kort. Í hesthúsinu í Garðastræti eru hjúin í óðaönn að steypa kerti úr tólg.

Allar upplýsingar um dagskrá má nálgast á jolaborgin.is

Ray-Ban
í jóla-
pakkann

eyesland



Ray-Ban

THE ICON SERIES

THE AVIATOR

Krossgátublaðið Fjörefni 58. tbl.,
Krossgátublaðið Nýjar Tómsundur 58. tbl.
og Krakkaþlaðið Prautakóngur 34.tbl.
fást á næsta blaðsöluastað



Jóladalurinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum

Sannkallaður jólaandi hríslaðist um viðstödd þegar Jóladalurinn í Laugardal var formlega opnaður. Undanfarnar vikur hefur starfsfólk Fjölskyldu- og húsdýragarðsins sett upp jólaljós og allan garð svo ævintýri líkast er að ganga um garðinn í rökkriinu og heimsækja dýrin. Þau sem þora geta líka heimsótt sjálfan jólaköttinn.

Formleg opnun Jóladalsins í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum var með hátíðlegasta móti. Einar Þorsteinsson borgarstjóri flutti jólakveðju til borgarbúa og gesta og listskautahópur frá Skautafélagi Reykjavíkur lék listir sínar. Lúðrasveit Verkalýðsins skemmti og þá söng Jóhanna Guðrún

nokkur lög. Lalli töframaður hélt utan um dagskrána og á leið sinni frá innganginum að tjörninni gátu gestir rekist á kvartettinn Barböru og kynjaverur úr hugarheimi Brian Pilkington.

Frítt inn á kvöldin um helgar á aðventunni

Kvöldopnanir verða alla aðventuna líkt og undanfarin ár en opið verður til klukkan 20 föstudaga til sunnudaga frá 29. nóvember til jóla. Verkefnið Jólalund í Laugardalnum var kosið í hverfakosningum í fyrra og því býður „Hverfið mitt“ öllum að heimsækja jólaljósaskreyttan Fjölskyldu- og húsdýragarðinn frá

klukkan 17-20 föstudaga til sunnudaga á aðventunni. Hefðbundinn opnunartími er annars alla daga frá klukkan 10 til 17 og þá gildir hefðbundinn aðgangseyrir.

Á kvöldopnunum verður hægt að fara í hringekjuna, tónlist mun óma, matarvagnar verða á staðnum fyrir svanga gesti og drykkir og notalegheit í veitingaskálanum. Ratleikur fyrir alla fjölskylduna verður aðgengi- legur í gegnum smáforritið Húsdýragarður – viskuslóð sem finna má í snjallverslunum snjalltækja. Hunda- eigendum sem hafa skráð sína hunda hjá sínu sveitarfélagi er boðið að taka besta vininn með í kvöldheimsókn.



Fyrirhuguð borgarlína.

Fríkirkjuvegur verður lokaður ... borgarlína framhjá Hörpu

Gert er ráð fyrir að Fríkirkjuvegur verði lokaður fyrir almenna umferð en Suðurgata austan Hringbrautar verði tvístefnugata. Þá er ekki gert ráð fyrir almennri umferð um Suðurgötu vestan Tjarnarinnar eins og áður var áformað. Nokkrar breytingar eru fyrirhugaðar á legu borgarlínu í miðbænum miðað við þær tillögur sem settar hafa verið fram.

Nú er gert ráð fyrir að akrein frá borgarlínu liggja framhjá Hörpu sem ekki var í fyrri áætlunum. Í kynningu á þeim breytingum sem fyrirhuguðar eru er nú fremur talað um um Miklubrautarstokk en Miklubrautargöng, þrátt fyrir að í nýlega uppfærðum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sé talað fyrir göngum. Fyrsta lota er sá áfangi borgarlínuverkefnisins sem nær

frá Ártúnshöfða og yfir þróunarsvæði vegna Sæbrautarstokks, um Suðurlandsbraut niður á Hlemm og þaðan niður Hverfisgötu á Lækjartorg. Því næst um háskólasvæðið og Vatnsmýri, gegnum BSÍ-svæðið og meðfram Landspítala og þaðan niður að HR, yfir Fossvogsbrú og um Kársnes upp í Hamraborg.

HALLGRÍMSKIRKJA

AÐVENTU OG JÓLATÓNLEIKAR | 2024

HÁDEGISTÓNLEIKAR

Ertu búin/n að Bach-a fyrir jólin?

Laugardagur 7. desember kl. 12

Tómas Guðni Eggertsson | orgel

Davíð Þór Jónsson | píanó

Aðgangseyrir ISK 2.900



SYNGJUM JÓLIN INN!

Kórsöngur, almennur söngur & lestrar

Sunnudagur 22. desember kl. 17

Kór Hallgrímskirkju | Steinar Logi Helgason | stjórnandi

Kór Langholtskirkju | Magnús Ragnarsson | stjórnandi

Graduale Nobili | Agnes Jórunn Andrésdóttir | stjórnandi

Björn Steinar Sólbergsson | orgel

Ókeypis aðgangur

ORGELTÓNLEIKAR

Olivier Messiaen | Fæðing Frelsarans

26. desember – Annar í jólum kl. 17

Björn Steinar Sólbergsson | orgel

Aðgangseyrir ISK 3.900

HÁTÍÐARHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

31. desember – Gamlársdagur kl. 16

North Atlantic Brass

Björn Steinar Sólbergsson | orgel

Aðgangseyrir ISK 4.500

Miðasala í kirkju og www.fix.is

AÐVENTA

(fram að 18. desember)

MESSA OG SUNNUDAGASKÓLI Alla sunnudaga kl. 11.00

BÆNASTUND Alla mánudaga og föstudaga kl. 12.00-12.15

MORGUNMESSA Alla miðvikudaga kl. 10.00 - 10.30

Kyrrðarstund með tónlist og stuttri ihugun

Alla fimmtudaga kl. 12.00 – 12.30

Ókeypis aðgangur og létt hádegishressing í boði.

KVÖLDKIRKJA 19. desember milli 20-22

FJÖLSKYLDUGUÐSPJÓNUSTA og jólaball 22. desember kl. 11

FORELDRAMORGNAR Alla miðvikudaga kl. 10.00-12.00

(gengið inn að aftanverðu)

HANDAVINNA Alla laugardaga frá klukkan 10-12 í Suðursal.

Alltaf heitt á könnunni.

JÓL OG ÁRAMÓT

24. desember | Aðfangadagur

18:00 Aftansöngur

23:30 Guðsþjónusta á jólanótt

25. desember | Jóladaður

14:00 Hátíðarmessa

26. desember | annar í jólum

11:00 Helgistund

14:00 Ensk messa | *Service in English*

29. desember | Sunnudagur

11:00 Messa

31. desember | Gamlárskvöld

18:00 Aftansöngur


1. janúar | Nýársdagur

14:00 hátíðarmessa

HVAÐ VERÐUR FEGRA FUNDIÐ?

/ What Can Be More Perfect?

Úrval úr sálum og kvæðum sr. Hallgríms Péturssonar í einstakri tvímálaútgáfu, með enskum þýðingu. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Steinunn Jóhannesdóttir, Svanhildur Óskarsdóttir og Margrét Eggertsdóttir sem jafnframt er ritstjóri völdu.



Hallgrímskirkja er opin alla daga frá kl. 10.00-17.00

hallgrimskirkja.is



**FRÍKIRKJAN
Í REYKJAVÍK**

HELGIHALD Á AÐVENTU OG JÓLUM

Sunnudagur 15. desember kl. 14
Jólaskemmtun Fríkirkjunnar í Reykjavík.

Stundin hefst með helgileik barnakórsins í kirkjunni. Síðan verður haldið upp í safnaðarheimili þar sem verður sungið og dansað í kringum jólatré með jólasveininum. Kaffi og meðlæti fyrir alla.

Sunnudagur 22. desember kl. 14
Heilunarguðsþjónusta.

Í samstarfi Fríkirkjunnar í Reykjavík, Kærleiksseturs og Sálarrannsóknafélags Íslands. Friðbjörg Óskarsdóttir heilari og fræðslumiðill leiðir kirkjugesti í heilunarhugleiðslu. Ávarp flytur séra Hjörtur Magni Jóhannsson Um tónlist sér Gunnar Gunnarsson Sönghópurinn við Tjörnina sér um sönginn og syngur Gloriuna undir í hugleiðslunni.

Aðfangadagur 24. desember kl. 17
Aftansöngur á aðfangadagskvöldi

Þóra Einarasdóttir, sópran, syngur einsöng. Sönghópurinn við Tjörnina syngur jólin

inn og leiðir safnaðarsöng udir stjórn Gunnars Gunnarssonar. Séra Hjörtur Magni leiðir stundina. Aðfangadagur 24. desember kl. 20.55 á RUV sjónvarp. Friðarstund í Fríkirkjunni Sjónvarpsútsending á RUV frá friðarstund í Fríkirkjunni í Reykjavík.

Jóladagur 25. desember kl. 14
Hátíðarguðsþjónusta á jóladag

Ljósanna hátíð fagnað með rísandi sól. Tónlistarmaðurinn KK flytur nokkur af sínum fjölmörgu lögum og kryddar stundina með skemmtilegum sögum. Sr. Hjörtur Magni, Sönghópurinn við Tjörnina ásamt Gunnari Gunnarssyni.

Gamlársdagur 31. desember kl. 16
Aftansöngur á gamlársdag

Sönghópurinn við Tjörnina leiðir safnaðarsöng við undileik Gunnars Gunnarssonar. Séra Hjörtur Magni Jóhannsson leiðir stundina.

VERIÐ ÖLL HJARTANLEGA VELKOMIN

NÝJAR SÝNINGAR KOMNAR Í SÖLU!



KARÍUS & BAKTUS

MIÐASALA | 528 5050 | HARPA.IS

HARPA



Frá undirritun samningsins við leikskólana.

Samið við sjálfstætt starfandi leikskóla

Nýr samningur Reykjavíkurborgar við sjálfstætt starfandi leikskóla í Reykjavík hefur verið samþykktur og tekur gildi 1. janúar næstkomandi. Þær breytingar sem foreldrar verða helst varir við er að með samningunum næst betri heildarsýn yfir alla leikskóla í Reykjavík. Þannig geta foreldrar til framtíðar litið séð á einum stað hvaða leikskólar eru í boði og í hvaða hverfum.

Allir leikskólar verða tengdir kerfi sem kallast Vala leikskóli, þar sem hægt er að fylgjast með stöðu biðlista út frá kennitöluröð, í þeim leikskólum sem sótt hefur verið um í. Leikskólareikninn er tengdur Völu og því verða

pláss í sjálfstætt starfandi leikskólum tekin með í reikninginn. Í Leikskólareikninum geta foreldrar skoðað áætlaða stöðu síns barns eða barna á biðlista í hverjum leikskóla út frá fyrsta vali eða óháð vali á leikskóla. Í samningnum er kveðið á um að foreldrar reykviskra barna hafi forgang í sjálfstætt rekna skóla í borginni á tilteknu tímabili þegar verið er að innrita börn í leikskóla á komandi hausti. Á næstunni verða gerðir samningar við hvern og einn leikskóla sem meðal annars eru aðlagðir að fjölda og aldri barna þar sem form sjálfstætt starfandi leikskóla eru mismunandi.



Yngri og eldri nemendur syngja jólaöngin í Measkóla.

Jólasöngur – gömul hefð í Melaskóla

Jólasöngurinn er gömul og góð hefð í Melaskóla þar sem nemendur syngja saman í Skálanum, annarsvegar 1. til 4. bekkur og hinsvegar 5. til 7. bekkur, í kringum fyrsta í aðventu. Foreldrar og aðstandendur eru duglegir að mæta og hlusta á fallegan söng barnanna og er þetta ómissandi stund í jólaundirbúningnum hjá mörgum.





Á annari myndinni er yngri hópurinn að syngja ukrainskt þjóðlag með texta eftir

Davíð Þór Jónsson. Hin myndin er mynd af eldri nemendum. Tónmenntakennararnir Svava María Þórðardóttir og Marta Hrafnadóttir halda utan um sömsönginn og kenna löginn í tónmenntatímum en þetta er líka samvinnuverkefni sem allir vinna að því kennarar fá send textablöð og myndbönd af lögnum til undirbúnings og eru margir þeirra duglegir að sýna nemendum þau og syngja. Kennarar í íslenskuveri vinna með þetta með sínum nemendum og þannig náum við þessari einstöku stemmningu.



NÝJAR ÞÝÐINGAR

— HEIMSBÓKMENTIR Á ÍSLENSKU —



Ugla

www.ugloutgafa.is



Hugvekja frá Dómkirkjunni

Það er ástæða fyrir íbúa Reykjavíkur að leggja leið sína á Austurvöll í aðdraganda þessara jóla því líklega hefur hann aldrei verið eins fagurlega baðaður jólahjósum líkt og á þessari aðventu. Andspænis Hótel Borg er kominn vísir að jólaborpi þar sem ýmiss varningur er á boðstólum, en á miðjum Austurvelli stendur enn stytta af Jóni Sigurðssyni á sínum stalli og á honum lágmyndin Brautryðjandinn eftir Einar Jónsson sem vert er að berja augum. Þar má líta tröllvaxinn mann ryðja grjóti burt fyrir fólkíð sem stendur honum að baki. Þetta myndverk kallast ekki einungis á við lífsstarf Jóns forseta heldur einnig lexíu fyrsta sunnudags í aðventu úr spádómsbók Jesaja þar sem segir: „Leggið, leggið braut, ryðjið grjótinu burt.“ Þau orð kalla okkur hvert og eitt til að undirbúa okkur hið innra undir komu frelsarans sem fæðist í litlu barni í Betlehem. Aðventan er undirbúningstími og dýrmætt tækifæri til að ganga í átt til jólahátíðarinnar og meðtaka boðskap hennar á okkar eigin forsendum til uppbyggingar í lífi okkar.

Því miður eru þau mörg sem kvíða jólu- num og hlakka ekki til þeirra vegna þeirra krafna um íburð og eyðslu sem margir skynja í ytra umhverfi og reynist erfitt að frelsast undan. Þannig upplifa margir að jólin séu ekki hátíð ljóss og friðar heldur neyslu og streitu.

Almenningur þarf á því að halda að frelsa jólin frá því að snúast um dýrar

gjafir, tónleika, viðburði, fatakaup eða hvers kyns óhóf en gera þau fremur að raunverulegri hátíð fegurðar, friðar og innilegra tengsla sem eru það dýrmætasta sem við eigum þegar öllu er á botninn hvolft. Sannleikurinn er sá að við þurfum ekki að ganga til liðs við kaupæði, neyslu eða stress heldur getum við ákveðið að gera jólin að þakkar- og lífsgleðihátíð sem hjálpar okkur til að hlúa að því sem er okkur helgast og kærast. Sagan af þarinu unga sem varð að beygja sig undir valdið og leggja af stað í langferð á afar óhentugum tíma þegar María var komin að fæðingu, er margslungin. Jólasagan minnir okkur t.d. á að fegurðin, umhyggjan og sannleikurinn birtist við hversdagslegustu aðstæður og vitjar líka þeirra sem við síst væntum.

Enda þótt ekki sé allt eins og við helst kysum og margt sé mótdrægt í veröldinni, þá megum við engu að síður taka á móti þeim gleðiþóskap jólaanna að frelsari mannanna fæddist í litlu barni sem lagt var í jötu. Í gripahúsinu var hvorki glys eða glimmer, kampavín eða kalkúnn. En hvar sem fólk opnar hjarta sitt fyrir boðskap jólaanna breytist „hreysi í höll“ og hjörtu okkar í „vöggu“ Jesúbarnsins eins og við syngjum um á jólanótt.

Guð gefi þér og þínum gleðiríka jólahátíð!

Elinborg Sturludóttir
Dómkirkjuprestur



Ljósmynd: Simon Vaughan.

HELGIHALD OG TÓNLEIKAR Á AÐVENTU OG JÓLUM

Fimmtudagur 12. desember
Tíðasöngur 9.15

Föstudagur 13. desember
Tónleikar Sycamore tree.

Sunnudaginn 15. desember
Prestsvígsla kl. 11.00
Biskup Íslands Guðrún Karls Helgudóttir vígir, Séra Sveinn Valgeirsson, Lenka Mátéová og Dómkórinn.

Mánudagur 16. desember
Jólasöngur með Hjómeyki kl. 20.00

Þriðjudagur 17. desember
Tíðasöngur 9.15
Bach tónleikar 20.00-20.30.

Tónleikar Sönghópsins Marteins kl. 21.00
Söngurinn samanstendur af um 40-50 vinum sem sungu í Dómkórnum undir stjórn Marteins H. Friðrikssonar dómorganista.

Miðvikudagur 18. desember
Tíðasöngur 9.15
Örganga kl. 18.00

Fimmtudagur 19. desember
Tíðasöngur kl. 9.15 og kl. 17.00

Sunnudagurinn 22. desember
Messa kl. 11.00
Séra Sveinn Valgeirsson, Matthías Guðmundsson guðfræðinemi prédikar. Guðmundur Sigurðsson og Dómkórinn.

Mozart við kertaljós kl. 21.00.
Kammerhópurinn Camerartica heldur sína árlegu kertaljósatónleika.

Aðfangadagur jóla 24. desember
Dönsk guðþjónusta kl. 15.00.
Sr. Elinborg Sturludóttir, Kári Pormar organisti.

Aftansöngur kl. 18.00
Séra Elinborg Sturludóttir prédikar, séra Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari. Dómkórinn, Guðmundur Sigurðsson dómorganisti, Jóhann Stefánsson og Sveinn Birkisson leika á trompetta.

Miðnæturguðþjónusta kl. 23.30.
Þá verða lesnir og sungnir níu lestrar og sálmar. Á milli lestra syngur söfnuðurinn jólasálma. Dómkirkjuprestarnir og Lenka organisti leiða guðþjónustuna.

Jóladagur 25. desember
Hátíðarguðþjónusta klukkan 11.00
Biskup Íslands Guðrún Karls Helgudóttir prédikar og séra Elinborg Sturludóttir þjónar. Lenka Mátéová organisti.

Sunnudagur 29. desember
Messa kl. 11.00
Séra Sveinn Valgeirsson, Guðmundur Sigurðsson og Dómkórinn.

Gamlársdagur 31. desember
Aftansöngur kl. 18.00
Séra Sveinn Valgeirsson prédikar og þjónar. Dómkórinn og Guðmundur Sigurðsson dómorganisti.

Nýársdagur 1. janúar
Hátíðarguðþjónusta kl. 11.00.
Biskup Íslands, Guðrún Karls Helgudóttir prédikar og séra Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari. Dómkórinn og Guðmundur Sigurðsson dómorganisti.

6. janúar
Tónleikar Dómkórisins kl. 20.00
Kórinn flytur hið undursamlega A Ceremony of Carols op. 28 eftir Benjamin Britten, ásamt Elísabetu Waage hörpuleikara.



Starfsfólk og sóknarnefnd Dómkirkjunnar óska sóknarbörnum og landsmönnum öllum gleðiríkra jóla, með þakklæti fyrir allt á árinu sem er að líða. Guð blessi ykkur!

Hjartanlega velkomin í Dómkirkjuna



REYKJAVÍK ER

JÓLABORGIN

Njótið aðventunnar í miðborginni

borginokkar.is

Alþýðuhugrækt Grobb



Mat okkar á mannkostum og mikilvægi er ótrúlega margslungið og fjölbreytt. Við sem erum montin og mikil á lofti eigum heilmikið vantalað við okkar innri mann sökum þess að okkur kann að skorta heppilega auðmýkt og lítillæti.

Auðvitað getur verið gott að hafa sjálfstraust og finnast nokkuð til sín koma. Á hinn bóginn gildir að þegar við veljum það atferli í samskiptum að vera bæði sjálfhælin og sperrt teljumst við ekki hafa það sjálfstraust sem liggur í heilbrigðu og jálægu mati á eigin manngildi. Trúlega myndi slík framkoma kallast mont öðru fremur. Kampagleiður einstaklingur virkar óviðkunnanlega á aðra vegna þess að hann hefur tilhneigingu til að álíta sig öðru fólki fullkomnari og merkilegri. Það er því heppilegt að hafa í huga að montið fólk er af flestum talið óviðkunnanlegt og óspennandi og virkar fráhrindandi og óþægilegt.

Best er að ígrunda þá staðreynd að sannanlega verðum við ekkert eftirtektarverðari þó við séum góð með okkur og teljum að andleg eða veraldleg staða okkar sé eitthvað mikilvægari og áhugaverðari en annarra. Velgengni liggur ekki í því að gera t.d. mikið úr því sem er ekki tilkomið vegna okkar eigin hæfileika, atorku eða frumkvæðis. Aðstæður okkar og fjölskylda er eitthvað sem við fæðumst inni þó við kunnum að eiga val í þeim efnum síðar á lífsleiðinni.

Við getum því ekki upphafið sjálf okkur með því að undirstrika af sjálfshælni og þótta hugsanlega stöðu okkar gagnvart umheiminum eða fólki. Allra síst getum við gert það í þeim málum okkar sem beinlínis eru ekki tilkomin vegna eigin verðleika. Við áttum okkur flest fyrir eða síðar á þeirri staðreynd að það er ekki ætterni, atvinna, skólun eða veraldlegur auður okkar sem gefur okkur rétt til að álíta okkur mikilvægari eða merkilegri en annað fólk.


Ágætt er að minna sig á að hnakkert viðhorf ríkja ekki í hugum þeirra sem í raun eru eitthvað af sjálfum sér. Dryld er aftur á móti mjög oft átakanlegur og áberandi ljóður á fasi og framkomu þeirra sem upphafa sjálfa sig á kostnað annarra. Það er augljóslega íhugunarverð staðreynd að manneskja sem er járæn, kærleiksrik, réttsýn og einlæg er sjáanlega á heppilegum og heilbrigðum þroskaleiðum. Við eigum ekki að miklast yfir því sem viðkemur ytri ávinningum og aðstæðum okkar. Heppilegra er fyrir okkur að vera hógvær og lítillát en að vera kampa-gleið og kræsin. Hyggilegt er að við látum verk okkar og viðmót gefa samskiptum okkar ljóma og reism frekar en að láta dapurleika dryldarinnar gera það.

Höfnum því öllum sjónarmiðum sem miða að því að upphafa persónur okkar á forsendum aðstæðna, útlits, embætta og fjölskyldutengsla. Eyðum frekar tíma og hugsun í þá þætti sammanlegra samskipta sem örva og hvetja okkur til að breyta rétt. Veitum öðrum og máttlitlum hlutdeild í ávinningum okkar af auðmýkt og mannkærleika en breytum ekki eins og þeir sem eru hrokafullir og mikillátir.



Jóna Rína Kvaran
www.jonaruna.com

Hinar mörgu hliðar síldarinnar



Síldin í myndlistinni, bókmenntunum, á síldarplönunum og fjölduinn allur af girnilegum síldarréttum. Bók sem bragð er af - eða þannig sko!

Bókaútgáfan Hólar • holabok.is / holar@holabok.is

REYKJAVÍKURBÓN

FIMM STJÖRNU EINKUNN



SÍÐUMÚLA 37 • 108 REYKJAVÍK

SÍMI 782 3330

reykjavikurbonstodin@gmail.com

SKÚBB ÍSTERTUR

FYRIR ÖLL TÍLEFNI

SALTKARAMELLA



SÚKKULAÐI



KÓKOS OG ÁSTARALDIN



VANILLA



SKÚBB ÍSTERTUR FÁST Í SKÚBB ÍSGERÐ, LAUGARÁSVEGI 1, OG Á WWW.SKUBB.IS



SKÚBB ÍSGERÐ | LAUGARÁSVEGI 1 | SKUBB.IS | 767-0123



Guðrún Birna Gísladóttir varaformaður stjórnar Grundar og heimilismaðurinn Eiríkur Jónsson klipptu á borða og vígðu kaffihúsið.

Nýtt kaffihús á Grund

... framúrskarandi aðstaða til að hittast og spjalla

Kaffihúsið Kaffi Grund formlega vígt á huustnóttum en það er í glæsilegri nýbyggingu með torfpaki sem setur svip á suðurgarð heimilisins við Hringbraut. Einnig hafa viðamiklar framkvæmdir verið í garðinum sjálfum, trjágróður endurnýjaður og nýr steinveggur kominn meðfram heimilinu.

Gísli Páll Pálsson, stjórnarformaður Grundarheimilanna, segir að aðstaða til að hittast og spjalla á Grund hafi verið ágæt en verði með þessari viðbót framúrskarandi góð. Það að eiga samskipti við annað fólk er einn mikilvægasti þáttur í góðri heilsu hvers og eins. Fljótlega í undirbúningsferlinu var ákveðið að fá listaverk í garðinn sem gestir kaffihússins gætu notið. Helgi Gíslason myndhöggvari tók verkið að sér og tengist listaverkið vatni og stendur við kaffihúsið í lítilli tjörn. Minningarsjóður Grundar greiddi fyrir verkið og vill þannig minnast allra þeirra heimilismanna sem dvalið hafa á Grund í 102 ár.

„Okkur á Grund finnst hafa tekist feikn vel til með þessa aðstöðu, bæði inni og úti og kemur hún til með að gagnast heimilisfólki, aðstandendum þeirra, starfsmönnum og öðrum gestum um ókomna tíð.“

Þó að við séum að vígja þessa fallegu aðstöðu í dag er þannig málum háttáð að við getum ekki hafið rekstur kaffihússins strax. Að fá rekstrarleyfi fyrir svona tiltölulega hógværra starfsemi er meira en að segja það. Við höfum um all langt skeið unnið að því að afla viðeigandi leyfa en þau eru því miður ekki komin í hús.

Til að byrja með verður því aðstaðan einungis opin heimilisfólki og aðstandendum þeirra og boðið verður upp á kaffi og kleinur. Vonandi styttest í að við getum opnað kaffihúsið og selt veitingar og þá eru nágrannar okkar í Vesturbænum líka hjartanlega velkomnir.“

Hönnun var í höndum ASK arkitekta og hönnun garðsins og umhverfis í höndum Landslags.

Tunnuverksmiðjan verður að gistipónustu

Ægisgötu 7 í Vesturbænum verður væntanlega breytt fyrir fyrir gistipónustu. Þar hafa verið starfræktar vinnustofur fyrir um 50 listamenn sem hafa leigt í húsinu í tvö ár. Um 40 sýningar hafa verið haldnar þar á Ægisgötunni á þeim tíma. Ægisgötu 7 er um 80 ára gamalt gamalt verksmiðjuhús frá fyrri hluta síðustu aldar. Um 1400 fermetrar, á þremur hæðum auk kjallara en listamennirnir leigja mestallt húsið.

Af bóknunm sem fylgdu þessum ráðahag borgarnar má þó ráða að bragarfulltrúum er ekki að fulli sama um að menningarsstarfsemi af þessu tægi hverfi úr borginni. Áður fyrr var rekin tunnuverksmiðja í húsinu en undanfarin ár hafa verið þar vinnustofur listamanna. Það stefnir þar með í að listamennirnir þurfi að vika fyrir gististarfsemi. Fulltrúar í borgarráði



Gamla Tunnuverkemijan við Ægisgötu hefur hýst vinnustofur listamanna að undanförunu en verður nú trúlega tekin til gistipónustu.

voru sammála um að það væri slæmt að þarna væri komið enn eitt dæmið um að gististarfsemi væri að ryðja menningunni burt en engu að síður

var samþykkt að auglýsa tillöguna og þá vísað ekki síst til fyrirhugaðra framkvæmda og að þær myndu bæta ássýnd hússins til muna.

Andstaða við flugvöllinn eykst

... yngra fólk vill fremur losna við hann

Um fjórðungur svarenda í nýlegri könnun Maskínu segist bókstaflega andvígur því að Reykjavíkurflygsvöllur verði áfram í Vatnsmyrinni en 48 prósent eru henni hlynt. Um 29 prósent segjast í meðallagi hlynt staðsetningunni.

Umtalsverður munur er á afstöðu fólks til flugvallarins eftir aldri. Um 71 prósent fólks sextíu ára og eldra segjast fylgjandi núverandi staðsetningu flugvallarins við miðborgina en aðeins tæpur fimmtungur yngsta aldurshópsins, sem er 18 til 29 ára. Hlutfall þeirra sem styðja núverandi staðsetningu fer hækkandi eftir aldri svarenda.

Svandís Svavarsdóttir fyrrverandi innviðaráðherra segist hafa verið að framkvæma gamla ákvörðun með tilmælum til Isavia um að færa girðingu Reykjavíkurflygvallar svo að Reykjavíkurborg gæti fengið flug-



Stórt ladssvæði liggur undir Reykjavíurflugvelli.

vallarland í Skerjafirði til húsbýgginga. Sigurður Ingi Jóhannsson fjármálaráðherra og fyrrverandi innviðaráðherra segir að forsendan sé sú

að rekstraröryggi flugvallarins verði hvergi skert og segist treysta því að svo verði. Ljóst má vera að áfram verði togast á um flugvöllinn.

Um 65% fullorðinna aka í vinnuna

Tæplega 65% fullorðinna ferðast í bíl sem bílstjórar til vinnu eða skóla, 5% sem farþegar í bíl þannig að samanlagt er hlutfeld einkabílsins sem ferðamáta 70%. Um 8% fullorðinna Reykvíkinga nota almenningssamgöngur og hlutfall þeirra sem fara fótgangandi er 12,5%, 5% á hjóli, 2,5% ferðast á rafmagnshlaupahjóli og 2% á rafmagnshjóli. Samanlagt er hlutfeld svokallaðra virkra ferðamáta því 22%.

Flest sögðust helst vilja ferðast með einkabíl til vinnu eða skóla 41% og næst flest fótgangandi eð 25%. 17% vildu helst ferðast á hjóli/rafmagnshjóli og 7% með strætó. Mjög litlar breytingar eru á hlutfalli þeirra sem keyra til vinnu eða skóla Hlutfall þeirra sem fer fótgangandi til vinnu eða skóla er 13%. Hlutfall þeirra sem hjólar til vinnu eða skóla er 5%. Fólk á aldrinum 18 til 34 ára er duglegra að nota strætó en þeir sem eldri eru. Fólk sem býr fjær miðbænum notar einkabílinn frekar til að ferðast til vinnu eða skóla. Eftir því sem fólk er eldri er líklegri er það til að ferðast



Hann er kunnuglegur einkabílinn á götum.

í einkabíl til vinnu. Hlutfallið hefur hækkað töluvert frá árinu 2008 þegar það var 11%.

Árlega leggur Gallup fyrir spurningar um ferðavenjur borgarbúa til vinnu/skóla fyrir umhverfis- og skipulags-

svið Reykjavíkurborgar. Gagnaöflun fór fram í október 2024 hefur verið gerð með sambærilegum hætti frá 2008. Könnunin var netkönnun, úrtakið var 1882 manns og þátttökuhlutfall tæplega 45%.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Lyfjaval óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári Kynntu þér opnunartíma yfir jól og áramót á lyfjaval.is

HVERFISBLAÐIÐ

VESTURBÆR

Auglýsingasími 568 8862



Ljósmynd: Simon Vaughan, simonvaughanljósmyndari.com



Gleðileg jól



Vegagerðin

GONGUGREINING.is
Lágmúla 4 • Sími 481 1000 • www.gongugreining.is

✓ Smur- og hjólbarðapjónusta
✓ Alhiða bílaviðgerðir og viðhald

SMURÞJÓNUSTA
- SAMNINGAR
VIÐ ÖLL HELSTU
BÍLAUMBOD

**Smurstöðin
KLÖPP**
Við Vegmúla • Sími 553 0440
Opð mánudaga - fimmtudaga 8-18
föstudaga 8-16

EIGNAumsjón

**Amma mús
-handavinnuhúsið**
Fákafen 9 108 Rvk S.585-8537 ammamus.is
Opð mán.-fös: 10:00-18:30 Sat: 10:00-18:00 Sun: 11:00-17:00

**maria nila
STOCKHOLM**

**Hársnyrtistofa
DÓRA**
Hárgreiðslu- og rakarastofa
Langholti vegi 128 • Sími 568 5775

**ÖKU
SKÓLINN
Í MJÓDD**
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

Tímabantanir fyrir herra- og dömuklippingar eru óþarfar!

**greiðan
HÁRSNYRTISTOFA**
Greiðan Hársnyrtistofa • Háaleitisbraut 58-60 • Sími 581 3090

Fótavæðgerðastofan
Hæðargarði 31 Furugerði 1 • sími 588 2232

**BÍLARÉTTINGAR
SÆVARIS**
Skútuvogi 4 • 104 Reykjavík • Sími 528 8888 • bilarettingar.is


HEYRN
Hlíðasmára 19, 2. hæð • 201 Kópavogur • Sími 5349600 • heyrn.is




Bilakompaní
Skútuvogi 4 • 104 Reykjavík • Sími 515 5115

KFC

**GRETTIR
VATNSKASSAR**
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 6090

Lóa

	krossáttugerð: Bjarni sími: 8452510	málm	átti	röð	vestur	3	ilát	2 eins	egnt	3 eins	
	→										
	útbýggingu					áreittu fuglinn					tötrana
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bónnuð	↓	feiti			botnfall batnar			tíu			
hjóðfæri		5		lína				4	spanderi	lengd	
líkamshluti		glundur	bæn káma					und			
spræna				vatnsfallið 49			spil	áköf			
karldýrin					kyrrðina			7			
		númer ýtir				spendýrið	talfærið	konunafn		3 eins	
grátur			aur	spendýr karldýr							
stranda- glópur			hrekur ánægju			spilið			mjöl		strand- staður
gorta						eftir	pirraða				
mannsnafn					hækkun			storka		rista	
	telgir	rúmrusk	morkin mannsnafn	1			ógna				
nöldra				fíklar	2 eins ym		husla		klukka spilin		
rambaldur			hásæti				litast gjamm				
2 eins			fugl sverta			sef ófullgerð				ummerki	
ópétt				2		stóra		frá flutti			
					forað		plötu- spilarar				
vankar		6				ákærir					



	V	E	G	A	S	A	L	T				
	A	R	A	N	N	S	O	T	T			
	L	N	N	S	K	A	T	A				
	A	G	Æ	T	G	A	U	K	F			
	R	A	F	A	R	Á	K	A	L	L		
	R	A	U	N	Ó	L	I	N	A			
	Ó	F	U	S	Æ	M	D	S	A	F	N	
	L	A	U	N	Æ	Æ	U	I				
	U	A	F	A	L	L	N	A	F	N		
	V	O	N	I	N	I	L	M	A	A	N	
	E	L	N	A	R	R	U	A	N	N		
	L	I	M	Y	U	R	T	U				
	L	A	U	S	A	R	M	A	U	R	A	R
	I	N	E	Ð	A	R	R	F	Æ			
	N	A	K	T	A	S	T	I	N	N	U	R
	U	M	L	A	T	A	Ú	R				
	M	I	M	I	Ð	L	O	K	A	Ð	A	
	N	Ú	I	N	M	A	T	A	I	N		
	S	N	Ú	I	N	N	I	A	L	I	N	N

- Lausnarorð: **S Í M A M Æ R**
- Gjafakort frá Íslandsapóteki Laugavegi 53b Berglind E Davíðsdóttir
 - Gjafakort frá Dimmalímm Laugavegi 53b Jóhanna J Gunnlaugsdóttir
 - Stafróf knattspyrnunnar frá Hólum Guðmundur H. Guðmundsson
 - Sögur fyrir 4 ára frá Óðnsauga Bjartur Unnþórssón
 - Emma og rennireiðin frá Óðnsauga Björg Valsdóttir
 - Klökkna Klakatár frá Uglu Guðrún Ingólfsdóttir
 - Undirheimar frá Tindi Magnús Torfason
 - Abba frá Uglu Sigrún Andrésdóttir
 - Til Taks frá Hólum Árni Sigurjónsson
 - Sveindís Jane Gíslí Ragnarsson
 - Ískútur frá Skúbb Laugarásvegi 1 Margrét Ófeigsd.

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

VERÐLAUNAKROSSGÁTA

- verðlaun Tónar útlaganna, bók, útgefandi HÍB
- verðlaun Útkall í ofsa brimi, bók, útgefandi Útkall
- verðlaun Svartir kettir fullt tungl og rauðhærðar konur, bók, útgefandi Hólar
- verðlaun Ókei, bók, útgefandi Hólar
- verðlaun Hvers vegna karlmenn geta aðeins gert eitt í einu og komu þagna aldrei, bók, útgefandi Hólar
- verðlaun Leiðin í Hundana, bók, útgefandi Ugly
- verðlaun Paddington, bók, útgefandi Ugly
- verðlaun Múmínsnáðinn, bók, útgefandi Ugly
- verðlaun Dýrabær Animal farm, bók, útgefandi Óðnsauga
- verðlaun Nammitröll, bók, útgefandi Óðnsauga
- verðlaun Bíómiðar í Laugarásbíó
- verðlaun Ískútur frá Skúbb

Lausnir sendist til: Með oddi og egg, Laugardalur, Háaleiti & Bústaðir Sundlaugavegi 7, 105 Reykjavík



Happaprennan

LAUGARÁS BÍÓ
NANA Í LIXI

Dregið verður úr réttum lausnum 12. janúar

Nafn:

Heimili:

Kennitala:

Símanúmer:

TÓNAR ÚTLAGANNA


Höfundur: Árni Heimir Ingólfsson

Einstakt verk um einstaka listamenn, sem lögðu öðrum fremur grunninn að því tónlistarlífi sem við njótum í dag á Íslandi. Ástríða höfundar fyrir viðfangsefninu er áþreifanleg, sem mikil og metnaðarfull heimildavinna ber vitni um. Verk sem á stöðugt erindi við okkur sem menningarþjóð og um leið áminning um mikilvægi og ávinning þess að taka vel á móti fólki sem þarf á aðstoð að halda.

Dómnefnd Íslensku bókmenntaverðlaunanna

Hið íslenska bókmenntafélag

Hagatorgi hib@hib.is s: 588 90 60



Nýr samningur við Borgarleikhúsið

Gengið hefur verið frá samningi Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar. Nær samningurinn til reksturs Borgarleikhússins til næstu þriggja ára. Einar Þorsteinnsson borgarstjóri og Eggert Benedikt Guðmundsson, formaður stjórnar Leikfélags Reykjavíkur, undirrituðu samninginn ásamt Brynhildi Guðjónsdóttur, leikhússtjóra Borgarleikhússins. Samningurinn gildir frá fyrsta janúar 2025 til og með 31. desember 2027. Einar Þorsteinnsson borgarstjóri sagði við það tækifæri að Borgarleikhúsið léki lykhillutverk í menningarlífi borgarbúa og landsmanna allra. „Við erum stolt og þakklát fyrir samstarfið við Leikfélag Reykjavíkur sem hefur starfað óslitið í borginni frá árinu 1897,“ sagði borgarstjóri við það tækifæri.



Steinþór Einarsson, starfandi sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkur, Eggert Benedikt Guðmundsson, formaður stjórnar Leikfélags Reykjavíkur, Brynhildur Guðjónsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins og Einar Þorsteinnsson borgarstjóri.

Máttur leikhússins mikill

Brynhildur Guðjónsdóttir, leikhússtjóri segir að framlag Reykjavíkurborgar tryggir rekstrargrundvöll Borgarleikhússins sem hefur á síðustu árum sannað að það er fyrsta flokks sviðslistastofnun sem laðar til sín fjölda áhorfenda á víðum aldri og með fjölbreyttan bakgrunn. „Máttur leikhússins er mikill og þegar best lætur nær það augum

og eyrum fjölda fólks, vekur hughrif og veitir ánægju. Það er okkur dýrmætt að Reykjavíkurborg skuli líta á leikhúsið sitt sem öflugan og mikilvægan þátt í menningarlífi borgarbúa. Við erum ævinlega þakklát fyrir stuðningin og hlökkum til að gera enn betur í framtíðinni. Takk, Reykjavík,“ sagði Brynhildur.

Markmið samningsins er að í Reykjavík sé rekið fjölbreytt og metnaðarfullt leikhús þar sem sköpuð er og sýnd leiklist í hæsta gæðaflokki. Þar er jafnframt tekið fram að Borgarleikhúsið sé lífandi vettvangur nýsköpunar og kynningar á íslenskrum leiklist þar sem erlendri klassík og samtímaleiklist sé einnig gerð góð skil, að samfella og framþróun sé tryggð í öflugum leiklistarstarfi, að listupplifun barna og ungmenna sé sinnt sérstaklega og að starfsemi Borgarleikhússins höfði til borgarbúa og geri þeim kleift að njóta fjölbreyttra sviðslista.



Jóladagskrá Árbæjarsafns

Bráðum koma blessuð jólin er yfirskrift jóladagskrár Árbæjarsafns sunnudagana 8. og 15. desember en þá daga gefst gestum tækifæri að njóta adventunnar og upplifa jólin eins og þau voru í Reykjavík í þá gömlu góðu daga.

Íhestúsinu í Garðastræti eru hjúin í óðaönn að steypa kerti úr tólg. Jólalald heldra fólks við upphaf 20. aldar er sýnt í Suðurgötu 7 og í Krambúðinni er kramarhús, konfekt og ýmiskonar jólavarningur til sölu.

Helstu viðburðir:

14:00 Guðspjónusta í safnkirkjunni
15:00 Sungið og dansað í kringum jólatréð á torgi safnsins
14:00-16:00 Jólasveinar skemmta gestum á víð og dreif um safnsvæðið og taka þátt í söng og dansi.

Frítt inn fyrir börn, öryrkja og menningarkortshafa. Aðrir greiða 2.350 kr.

Vinsamlegast athugið að dagskráin endar kl. 16 en safnið er opið til kl. 17.

Nokkrir góðir fimm aurar

FIMM AURAR

Út var að koma bráðsmellin bók, FIMM AURAR, sem vafalítið léttir lundina og verður nú gripið niður í bókina:


Ég fór í berjamó um daginn og ætlaði að tína aðalbláber, en þau voru hvergi sjáanleg svo að ég tindi bara varabláber í staðinn.

*

Hvers konar mjöl er notað í djöflatertu? - Fjandakorn.

Hvert fer Sherlock Holmes í berjamó?
Á Holmes-heiði.
Í BYKO:

„Ég ætla að fá hjá þér þingmannanagla.“
„Þingmannanagla! Ég hef aldrei heyrt um þá. Hvernig líta þeir út?“
„Æ, það eru þessir hauslausu.“



*Gleðilega hátíð
og heillaríkt nýtt ár!*

Bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða

Vesturmiðstöð

ÞYRLAN EINA VONIN



Bardinn á strandstöð

Út er komin hjá Bókaútgáfunni Hólum bókin Til taks – Þyrlusaga Landhelgisgæslu Íslands fyrstu 40 árin. Í bókinni er, eins og nafn hennar gefur til kynna, rakin saga þyrlusveitar Landhelgisgæslu Íslands fyrstu fjóra áratugina. Sagt er frá baráttunni fyrir því að fá björgunarþyrlu til landsins, en þær hafa verið nokkrar í gegnum tíðina og æði misjafnar, viðamestu verkefnum þyrlanna og svíplegum atburðum í rekstri þeirra. Tveir af höfundum bókarinnar, þeir Páll Halldórsson og Benóný Ásgrímsson, eru reyndustu þyrluflugmenn okkar og

hafa þeir, ásamt fleirum auðvitað, komið mörgum til bjargar. Þriðji í hópi höfunda er Júlíus Ó. Einarsson, þjóðfræðingur og fyrrum lögreglu- maður.

Fjölmar gar myndir prýða bókina, sem ætti að höfða til allra landsmanna, enda koma þyrlur Landhelgisgæslunnar nánast við sögu á hverjum degi og þar leggja menn sig í líma við að bjarga lífi þeirra sem staddir eru í hættu.

Hér á eftir fer litilsháttar efni úr

bókinni og er gripið niður í frásögn Sigurðar Snæfells Sigurðssonar, fyrrverandi formanns Björgunarsveitarinnar Bjargar á Hellissandi:

Snemma morguns þann 14. mars 1987 fengum við fregnir um að fiskibáturinn Bardinn GK-475 væri vélarvana í nauðum við Hólahóla á Snæfellsnesi. Björgunarsveitir voru ræstar út frá Hellnum, Arnarstapa, Ólafsvík og Hellissandi, og héldum við út á nesið. Áhafnir nærstaddra báta brugðust við og dældu út olíu til að róa brotin en svo fór að Bardinn

kom inn í öldurótið og barst inn að klettunum þar sem hann skorðaðist fastur.

Brim var mikið er við komum á strandstað en fyrir sjónum okkar blasti við toppurinn af mastrinu. Í byrjun var reynt að hafa samband við áhöfnina en án árangurs. Leitað var strax við klettana að skipverjum og þurftum við að passa okkur að fá ekki brak úr bátinum yfir okkur en sjógangurinn var svo mikill að það kastaðist hátt upp í loftið og féll allt í kringum okkur. Fluglínutækið var komið upp og gert klárt til að freista þess að bjarga áhöfninni.

Björgunarþyrla Landhelgisgæslunnar kom svo á vettvang og var það eina vonin á þessari stundu um að bjarga mætti áhöfninni. Þyrlan byrjaði að hífa áhöfnina frá borði. Hún þurfti að lenda og losa sig við fyrstu mennina áður en hinir voru sóttir sem eftir voru um borð. Þar tók björgunarsveitin á móti mönnum og hlúði að þeim. Aðstæður voru slæmar á strandstað meðan á björguninni stóð og þurfti að vera vel á verði því brotsjörinn gekk yfir klettana og bátinn.

Í kringum hádegi fjaraði og sjógangurinn varð minni, og var þá fært að fara um borð í Bardann. Við fórum tveir um borð, báturinn hallaðist á stjórnborða og fór ég aftur í stýrishúsið eftir bakborðssiðu hans, og varð ég að hafa mig allan við svo ég missti ekki jafnvægið. Á dekkinu voru netadræsurnar og brak sem ekki hefði verið gæfulegt að lenda í. Ástandið inni í stýrishúsinu var skelfilegt, þar sem brotsjörinn hafði hrífsað stóran hluta af tækjum og

búnaði með sér og var það hreinlega horfið. Það var ströng áminning um að ekki má vanmeta kraftinn í Ægi, konungi sjávar. Inni í kortaklefanum mátti greinilega sjá ummerki eftir sjóinn. Eftir smá yfirferð fann ég bara eitt armbandsúr sem hékk uppi á vegg og var það hið eina sem hægt var að bjarga af persónulegum eignum áhafnarinnar. Það var ánægjulegt að geta skilað því í réttar hendur. Er ekki neinn vafi á því að kortaklefinn bjargaði áhöfninni, því ekki hefði verið möguleiki að hafast við í stýrishúsinu. Ekki var gerð tilraun til að fara um vistarverur undir dekki þar sem sjór var um allt.

Tel ég það mikla gæfu að Bardinn skorðaðist þannig að hann fór aldrei yfir á bakborða, þrátt fyrir gríðarlegan sjógang sem dundi á honum linnulaust á meðan þyrluáhöfnin sinni hinni frækilegu björgun. Eftir tíu daga var farið í eftirlit á strandstað. Þá var nánast ekkert eftir af bátinum.



Nýtt gervigras á Meistaravöllum

Fyrsta skóflustunga fyrir gervi-grasi á Meistaravelli var tekin 5. desember sl. Þórhildur Garðarsdóttir, formaður KR tók fyrstu skóflustunguna ásamt Páli Kristjánssyni, formanni knattspyrnu-deildar KR.

Næstu mánuðir fara í framkvæmdir á aðalvelli okkar KR-inga, Meistaravöllum, það er því staðreynd að næsta sumar munu liðin okkar spila sína heimaleiki á gervigrasi. Þetta er aðeins fyrsti áfangi af nokkrum áföngum á endurbótum hjá KR og því spennandi mánuðir framundan.



Pálmi Rafn Pálmason framkvæmdastjóri KR, Þórhildur Garðarsdóttir og Páll Kristjánsson eftir skóflustunguna.

Hólavallagarður friðlýstur

Reykjavíkurborg hefur samþykkt fyrir sitt leyti að Hólavallagarður verði friðlýstur. Það verði gert á grundvelli menningarmínjalaga en tillaga þess efnis kom frá Minjastofnun Íslands. Friðlýsingin nær til Hólavallagarðs í heild, heildarskipulags hans, veggjar umhverfis garðinn, klukknaports, minningarmarka og ásyndar hans. Tillagan var samþykkt í borgarráði fyrir helgi.

Hólavallagarður er með merkustu kirkjugarðum landsins. Í honum endurspeglast hluti af sögu og þróun Reykjavíkur. Garðurinn er vel varðveittur og telst eitt af helstu kenneileitum borgarinnar. Hann er einnig fjölsóttur áfangastaður og hefur þar af leiðandi mikið gildi sem sögulegur staður innan borgarinnar. Í umsögn Reykjavíkurborgar sem lögð var fyrir borgarráð er tekið er undir sjónarmið um mikilvægi garðsins sem menningarsögulegra minja enda nýtur hann hverfisverndar samkvæmt gildandi deiliskipulagi frá árinu 2003.



Minnismark – Steingríms Jónssonar biskups í Hólavallagarði.

GÖNGUGREINING

Finnur þú fyrir verkjum í stoðkerfinu?

- Reynslumesta starfsfólkið
- Notum besta búnað sem völ er á
- Tæknileg innlegg fyrir alla skó

Tímabókanir í síma 481-1000 eða kíktu á www.gongugreining.is




Kíktu til okkar í Lág múla 4

HVERFISBLAÐIÐ

VESTURBÆR

Auglýsingasími 568 8862



**Gleðileg jól
og farsælt
komandi ár**

2024

Við hjá Landsvirkjun sendum landsmönnum öllum hlýjar jólakveðjur, með ósk um orkuríkt komandi ár.

Útkall í ofsabrimi

Höfundur: Óttar Sveinsson

Allar Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa vermtestu sæti metsölu-listanna í 30 ár. Hér er greint frá baráttu sjö manna upp á líf og dauða þegar Goðinn sekkur í ofsabrimi í Vöðlavík (1994). Mennirnir voru að gefast upp þegar þyrla birtist í ofsavæðrinu. Eftir það gerast óvæntir hlutir sem enda með einni tryllingslegustu flugferð Íslandssögunnar.

Útkall ehf.



Fyrirhuguð borgarlína.

Fríkirkjuvegur verður lokaður ... borgarlína framhjá Hörpu

Gert er ráð fyrir að Fríkirkjuvegur verði lokaður fyrir almenna umferð en Suðurgata austan Hringbrautar verði tvístefnugata. Þá er ekki gert ráð fyrir almennri umferð um Suðurgötu vestan Tjarnarinnar eins og áður var áformað. Nokkrar breytingar eru fyrirhugaðar á legu borgarlínu í miðbænum miðað við þær tillögur sem settar hafa verið fram.

Nú er gert ráð fyrir að akrein frá borgarlínu liggja framhjá Hörpu sem ekki var í fyrri áætlunum. Í kynningu á þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru er nú fremur talað um um Miklubrautarstokk en Miklubrautargöng, þrátt fyrir að í nýlega uppfærðum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sé talað fyrir göngum. Fyrsta lota er sá áfangi borgarlínuverkefnisins sem nær frá Ártúnshöfða og yfir þróunar-


svæði vegna Sæbrautarstokks, um Suðurlandsbraut niður á Hlemm og þaðan niður Hverfisgötu á Lækjartorg. Því næst um háskólasvæðið og Vatnsmýri, gegnum BSÍ-svæðið og meðfram Landspítala og þaðan niður að HR, yfir Fossvogsbrú og um Kársnes upp í Hamraborg.

PALLI VAR EINN Í HEIMINUM



SÝNINGAR Í HÖRPU


Jóla-Hóla-bækur




Drottningin í Dalnum
- Stórbrotin frásögn af einstakri konu.



Svartir kettir, fullt tungl og raudhærðar konur
- Hjátrú af ýmsum toga.




ÓKEI
- Sagan á bak við útbreiddasta orðatiltæki veraldar.



Til taks
- Magnaðar frásagnir af þrytusveit Landhelgisgæslunnar.



Stafróf knattspyrnunnar
- Hver kúkaði á völinn? Já, og hver pantaði pizzu á varamannabekinn?



Síldardiplómasía
- Síldin í bókmenntum, myndlistinni, já og jafnvel í stríði, auk fjölda girnilegra síldarrétta.



Fyrir afa
- Stórkostlegar smásögur með óvæntum endi úr smíðju sagnamannsins Sigurðs Egjissónar.



Kinnar- og Víknafjöll
- Göngufólk, þetta er bókin ykkar!

Saga Okeisins – þekktasta orðatiltækis í heimi

Út er komin bókin ÓKEI — uppruni og saga þekktasta orðatiltækis í heimi. Höfundur er Sigurður Ægisson. Hólar gefa út. OK eða O.K., ýmist ritað með lág- eða hástöfum, er sagt vera þekktasta útflutningsafurð Bandaríkjanna, fyrr og síðar. Alla vega er þessi stafasamsetning fyrir löngu komin um gjörvalla Jörð og mun í ofanlag vera fyrsta orðið sem heyrðist mælt á Tunglinu. Það er ekki lítið afrek. Hvað með aðrar reikistjörnur verður, á eftir að koma í ljós.

Í Vesturheimi fæddi það bráðlega af sér okay og okey, sem og oke um 1930 og síðan þá hafa komið a-o.k., a-ok, doke, hoke, hokey, hokey-doke, hokie-dokie, keoke, oak, oakadidoke, oakie-doke, oh-key, oka, okay-doke, o-ke-doke, oke-doke, okedoke, okee-doke, okel, okely-dokely, okey doke, okey-doke, okaydoke, okey-dokey, okey-dokey artichokey, okey dory, okey-poke, okey-pokey, okie doke, okie-dokie, okie-dory, okily-dokily, okle-dokle, oksy-doksy, okums-dokums, oky-doke, oky-doky, oky-dory og okydoke — og einhverjar fleiri útgáfur, þar á meðal styttingin K. Varla þarf að taka fram, að umrætt orð er fyrir löngu búið að sigra heiminn. Í enskri tungu er það ýmist notað sem atviksorð, lýsingarorð, nafnorð, sagnorð eða þá upphrópun.

50 kenningar um OK

Til Íslands hefur orðið eflaust borist sem talmál, eins og víðast hvar annars staðar, en ekki er ljóst nákvæmlega hvenær. Á prenti sést það hins vegar fyrst á 4. áratug 20. aldar. Síðar eignaðist það afkvæmi hér — sambandið allt í kei(inu).

En hvernig byrjaði þetta allt? Það er spurningin. Í bókinni, sem er rúmar 300 blaðsíður að lengd, eru reifaðar 50 kenningar, sem allar hafa það að markmiði að reyna að svara henni. Farið er um allan heim í þeim tilgangi, m.a. til fjölmargra landa Afríku, Evrópu og jafnvel Asíu, og kafað langt aftur í mannkynssöguna, allt til daga Forn-Grikkja, Rómverja og Spartverja, og að auki leitað aðstoðar í þeirri glímu til Ástralíu og Suður-Ameríku.

Martin Van Buren eða Old Kinderhook

Hér er til dæmis sagt frá Old Keokuk, indíánahöfðingjanum magnaða, sem á að hafa undirritað alla samninga með upphafsstöfum sínum, Aux Cayes á Haítí, þar sem fékkst betra kaffi, tóbak og romm en annars staðar í heiminum, Martin Van Buren, áttunda forseta Bandaríkjanna, sem hafði viðurnefnið Old Kinderhook og nýtti sér það í kosningabaráttu árið 1840, þegar hann leitaði endurkjör, Olgu Kiréeff, hinum dularfulla hvít-rússneska diplómata, blaðamanni og rithöfund, sem fór mikinn í efri lögum stjórnmálaheimins í Rússlandi og á Englandi á 19. öld og byrjun þeirrar 20. og notaði iðulega felunafnið O.K., og að auki tengjast þessu Obadiah Kaufman, Oscar Kent, Orrin Kendall, Otis Kane, Otto Kaiser, Onslow og Kilbracken, Ohm Krüger, Oliver Killory og mörg fleiri.

Áhöfn Geysis myndaði OK á jöklinum

Upphafid að rannsókn höfundar er atvik eða minning úr enskútíma í Menntaskólanum á Akureyri, en

hann var þar í námi frá 1974 til 1978. O.K. hafði borist í tal einhverju sinni og aðdragandinn að fæðingu þess, og hann langaði frá því andartaki að lesa sér betur til um upphaf þessa orðalags eða hvað á að nefna blómið — frasa, orðatiltækis, setningarliðar, talsmáta — sem þá var tekið að festa rætur í íslensku máli. Það hafði reyndar komið mjög við sögu haustið 1950, hafði verið notað til að koma áleiðis afar mikilvægum skilaboðum, eftir að Geysir, millilandaflugvél Loftleiða, hafði brotlent á Vatnajökli, með sex manna áhöfn. Þegar leitarmenn á Catalina-flugbátinum Vestfirðingi fóru þar yfir, gaus allt í einu upp reykstrókur af báli sem áhöfn Geysis — Magnús Guðmundsson flugstjóri, Dagfinnur Stefánsson flugmaður, Einar Runólfsson vélamaður, Guðmundur Sívertsen loftsiglingafræðingur, Bolli Gunnarsen loftskreytamáður og Ingigerður Karlsdóttir flugfreyja — hafði kveikt til að vekja á sér athygli þegar flugvél myndi nálgast. Orðrétt segir flugstjórinn, Jóhannes Markússon, þegar hann rifjar þetta upp: Ég lækkaði flugið og þá sáum við áhöfnina við flakið. Við trúðum varla okkar eigin augum. Þegar við flugum yfir sáum við að áhöfnin gaf okkur merki um að allir væru á lífi; hún myndaði OK. Þetta hefur verið magnþrungid andartak.

Steinn og Hudson Bay

Tveimur árum áður hafði Steinn Steinarr notað það í einu af sínum allra þekktustu ljóðum, þegar hann kvað:


Ég byggði mér hús við hafið og hafið sagði: O.K.

Hér er ég, og ég heiti Hudson Bay.

Enskuslettum misvel tekið

Þetta er sumsé orðið hluti af íslenskum veruleika ekki nema rúmum áratug eftir að það birtist hér á framandi og kaldri grund. Þessari norður-amerísku sendingu var reyndar, þrátt fyrir ofanefnt, misjafnlega tekið hér á landi, eins og eftirfarandi klausa frá 1953 sýnir ágætlega, úr tímaritinu Húsfreyjunni: Á síðustu stríðsárum gekk íslenzk tunga í gegnum eldraun. Þá flæddi inn í eyru Íslendinga víðs vegar um landið eitt útbreiddasta tungumál heimsins. Nokkrir fávísir unglingar og ef til vill eitthvað lítills háttar af fólki á þroskaaldri taldi sér sóma að því að móta talmál sitt eftir þessu erlenda máli eða að minnsta kosti að skjóta inn í ræðu sína ýmsum flökkukindum, svo sem ókei, olræt, bless, alveg sjúrt, næs, smart o.fl., sem of langt yrði hér upp að telja. Að vísu hurfu þessir flækningar mjög, er setuliðið hvarf úr landi að ófriðnum loknum. En draugurinn hefur magnast á ný við tilkomu varnarliðsins. Enn er því fullkomin ástæða til að standa á verði. Eftir 1970 varð umræðan enn hávævari, að ekki sé fastar að orði kveðið, einkum þó á 9. og 10. áratug 20. aldar, og ýmislegt draup úr pennum þeirra áköfustu í hita leiksins, sumt á mörkum velsæmis og annað langt þar yfir. Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, fjallaði á Visindavefnum um þessa erlendu sendingu, fyrr á þessu ári, og sagði þá meðal annars: Rökin gegn notkun ókei í íslensku

eru vissulega ýmis. Það er tekið hrátt úr ensku; það er óþarft því að önnur orð eru til sem þjóna sama tilgangi; það hefur oft óskýra merkingu; það fellur illa að íslensku hljóðkerfi. Allt þetta má til sanns vegar færa. Það breytir því ekki að orðið er gifurlega mikið notað og tíðni þess á prenti, þótt töluverð sé, segir lítið um tíðni- na í talmáli. Barátta gegn því hefur litlu skilað og ég held að óhætt sé að segja að meginhluti málnotenda bregði orðinu fyrir sig. Er ekki bara rétt að taka ókei í sátt? Eftir að hafa farið í tímaröð í gegnum hinar ýmsu kenningar um þessa smíð, þar sem byrjað er á þeirri elstu, telur höfundur sig í lokin geta bent á hið rétta upphaf og styður það heimildum, sem enginn hefur til þessa bent á eða notað í þeim tilgangi, og þá jafnframt leiðrétt þann misskilning sem verið hefur ríkjandi í uppláttarritum allt frá því á 7. áratug 20. aldar, um að orðatiltækið sé að rekja til Boston og nágrennis á árunum 1838 til 1839. Það er nefnilega töluvert eldra og komið úr allt annarri átt.



Komið á skauta!

SKAUTA
HÖLLIN

LAUGARDAL

Jólatréð er komið á svellið!
The Christmas tree is on the ice!

<p>21.des. kl. 13:00-18:00</p> <p>22.des. kl. 13:00-18:00</p> <p>23.des. kl. 12:00-16:00</p> <p style="color: #ff4d6d;">24.des. Lokað/Closed.</p> <p style="color: #ff4d6d;">25.des. Lokað/Closed.</p> <p>26.des. kl. 13:00-18:00</p> <p>27.des. kl. 13:00-18:00</p> <p>28.des. kl. 13:00-18:00</p>	<p>29.des. kl. 13:00-18:00</p> <p>30.des. kl. 13:00-18:00</p> <p>31.des. kl. 11:00-15:00</p> <p style="color: #ff4d6d;">1.jan. Lokað / Closed.</p> <p>2.jan. kl. 13:00-18:00</p> <p>3.jan. kl. 13:00-18:00</p> <p>4.jan. kl. 13:00-17:00</p> <p>5.jan. kl. 13:00-17:00</p>
---	--

“Ekki er nauðsynlegt að bóka tíma fyrirfram”

SKAUTAHOLL.IS

Dimmalimm

LAUGAVEGUR 53B

Full búð
af nýjum vörum

dimmalimmreykjavik.is